

Staða mála í byrjun vetrar

LEIÐARI

Nú þegar haustið leggst að og síðasti fjórðungur ársins er að ganga í garð er rétt að fara yfir stöðu helstu þátta sem snúa að Mjólkursamsölunni og Auðhumlu með beinum og óbeinum hætti. Fyrst er að nefna að fóðuröflun sumarsins virðist hafa gengið nokkuð vel í flestum landshlutum. Það er að heyra að mjólkurframleiðendur hafi flestir náð að afla góðs fóðurs fyrir veturinn, en það hefur afgerandi áhrif á getu til mjólkurframleiðslu komandi vetrar.

ÚTFLUTNINGUR MJÓLKURVARA, ÚTFLUTNINGSSKYLDA OG GREIÐSLUR TIL BÆNDA FYRIR UMFRAMMJÓLK

Útflutningur og útflutningsskylda 2018 - 2019

Á árinu 2019 hefur verið unnið að því að klára útflutningsskyldu á mjólkurfitu vegna ársins 2018. Það hefur tekið nokkurn tíma og kallað á aðgerðir í birgða- og framleiðsluráðstöfun þar sem m.a. þurfti að færa mjólkurfitu sem geymd var í ostabirgðum yfir í smjör til útflutnings. Það hefur tekið tíma en þó gengið vel. Endurskoðuð áætlun um framleiðslu, sölu, útflutning og birgðir gerir ráð fyrir því að útflutningsskyldu vegna 2018 ljúki í nóvember, auk þess sem útflutningur, vegna væntanlegrar útflutningsskyldu yfirstandandi árs 2019, verði einnig kominn í farveg fyrir árslok. Opinbert uppgjör mjólkur fyrir yfirstandandi ár, 2019 mun þó ekki liggja fyrir fyrr en í ársbyrjun 2020. Eins og staða mjólkurframleiðslu er um þessar mundir, þá er útlit fyrir að hún stefni í ríflega 150 milljónir lítra á árinu 2019 og umframmjólk ársins verði því um 5 milljónir lítra.

Greiðslur fyrir umframmjólk

Það sem af er árs 2019 hafa greiðslur Auðhumlu svf. fyrir umframmjólk verið, skv. gildandi ákvörðun félagsins, um 29 kr. á lítra umframmjólk. Auk þess er tekið tillit til efnainnihalds umframmjólkur við afreikning hennar til bænda.

Nýverið hefur verið tekið saman milliuppgjör útflutnings sem nær yfir fyrstu 6 mánuði yfirstandandi árs (janúar - júní). Samkvæmt niður-

stöðu þess er ekki tilefni til breytinga á greiðslum fyrir umframmjólk þar sem útflutningur skilar um 28 – 29 kr. á lítra umframmjólk. Í upphafi næsta árs, að loknu yfirstandandi verðlagsári, verður unnið heildaruppgjör fyrir útflutning umframmjólkur á árinu 2019, og þá mun koma í ljós hvort tilefni sé til að hækka greiðslur vegna umframmjólkur ársins 2019.

Samhliða þessu milliuppgjöri fyrstu 6 mánuði ársins 2019, hefur verið unnið að því að útbúa gagnagrunn svo unnt sé að sjá beint hvert skilaverð mjólkur er hverju sinni m.v. þróun heimsmarkaðsverðs helstu mjólkurvara okkar í útflutningi, þ.e. á smjöri og undanrennudufti og þróun gengis. Þeir þættir, þ.e. heimsmarkaðsverð og gengi, eru stærstu áhrifaþættir skilaverðs í útflutningi. Þessum upplýsingum verður í framhaldinu miðlað til mjólkurframleiðenda til upplýsinga og einföldunar til að þeir sjái vægi þessara áhrifaþátta.

Af rekstri Mjólkursamsölunnar á árinu 2019

Það er jákvætt að sjá að milliuppgjör Mjólkursamsölunnar, átta mánaða uppgjör ársins 2019, ásamt áætlun rekstrar fyrir síðustu mánuði ársins, sýni það að rekstur félagsins verður mjög nærri þeirri áætlun sem gerð var í lok árs 2018, en þessum aðstæðum verða gerð betri skil á komandi vikum.

Innan stjórnar Auðhumlu er til skoðunar að fara í sambærilega fundarferð í byrjun vetrar, og farin var á síðasta ári. Þar voru helstu upplýsingum um stöðu og þróun í framleiðslu mjólkur, ráðstöfun hennar og rekstur og efnahag félaganna gerð skil. Það er góður vettvangur til að koma þeim upplýsingum á framfæri við mjólkurframleiðendur og eiga gagnvirk samskipti um þau málefni.

Elin M. Stefánsdóttir,
stjórnarformaður MS

Ágúst Guðjónsson,
stjórnarformaður Auðhumlu

MS styður fiskisúpukvöldið mikla

Kvöldið fyrir Fiskidaginn mikla á Dalvík hefur sl. 15 ár verið haldið „Fiskisúpukvöldið mikla“. Milli kl. 20.00 og 23.00 það kvöld opna íbúar Dalvíkurbyggðar heimili sín og garða og bjóða gestum og gangandi uppá fjölbreyttar fiskisúpur, hver með sína uppskrift. Stemningin er einstök, hugljúf og kærleiksrík. Það er öflugur hópur áhugamanna sem stendur að deginum með um 250 sjálfboðaliða en markmiðið er alltaf að allt sé frítt. MS hefur verið styrktaraðili sl. ár og lagt til rjóna í súpunar sem hafa runnið ljúflega niður í gestina sem koma en um 30.000 manns hafa sótt hátíðina á ári hverju.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
samskiptastjóri

Áhersla á íslenskt hráefni í Hallormsstaðaskóla

Hallormsstaðaskóli prufukeyrði áfanga í mjólkurvinnslu í vor þar sem nemendur fá að kynna eiginleikum mjólkur, heimi hvata og gerla og framleiðsluferlinu við hinar ýmsu mjólkurafurðir. Ingvar Friðriksson og Þorsteinn Steinþórsson starfsmenn hjá MS Egilsstöðum voru þeim innan handar og vöktu lukku.

Uppskeruhátíð nemenda í Hallormsstaðaskóla var svo haldin í maí með styrk frá Mjólkursamsölunni þar sem mjólk frá fyrirtækinu var notuð til þess að framleiða mjólkurvörur.

Nemendur buðu upp á smakk á jógúrt, skyr, ferskosti og mjólkurís ásamt því að sýna helstu vinnsluaðferðir. Skólinn er að breyta námi og leggur nýja áherslu á íslenskt hráefni, sjálfbærni og nýsköpun í kennslu.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
samskiptastjóri

Framleiðsla mjólkur 2019

FRAMLEIÐSLUSVIÐ


Framleiðsla mjólkur fyrstu 8 mánuði ársins er nokkuð meiri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlunum fyrir árið 2019. Það sama er að segja um samanburð við framleiðslu sama tímabils 2018. Framleiðsla það sem af er 2019 er um 1 milljón lítrum meiri hvort sem lítið er til framleiðslu 2018 eða áætlunar 2019. Verði framleiðsla mjólkur í því mynstri sem sett er fram í mynd 1, mun framleiðsla ársins verða um 150 – 151 milljón lítrar.

Eins og fram kemur í mynd 2 er samanlögð innvigtun á mánaðargrunni fyrstu 8 mánuði yfirstandandi árs nokkuð áþekkt sama tímabili 2017. Innvigtun þessa tímabils 2018 var hins vegar umtalsvert meiri.


Sala mjólkur og útflutningur

Í mynd 3 er innvigtun og umreiknuð ráðstöfun mjólkur í ágúst 2019 og auk þess ráðstöfun á 12 mánaða grunni – þ.e. september 2018 – ágúst 2019. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 126,8 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -3,44% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 145,3 milljónir lítra og var nánast óbreytt frá 12 mánuðum þar á undan.

Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 149,5 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 22,7 milljónir lítra á próteingrunni og um 4,2 milljónir lítra á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 20,3 millj. lítrum, en útflutningur á fitugrunni nam um 2,7 millj. lítrum.



Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2017, 2018 og 2019 (vika 37) ásamt áætlun til ársloka 2019



Mynd 2. Innvigtun fyrstu 8 mánuði 2017 – 2019 og mánaðarleg innvigtun 2017 – 2019.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	ágúst mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	29.218.611	29.752.502	28.589.078	-6,52	-3,36	-2,80
Innvegin mjólk	12.609.749	39.516.862	149.546.035	1,38	0,52	-3,50
Seldar afurðir	11.295.048	33.252.135	126.794.746	-7,55	-3,07	-3,44
Útflutningur	1.489.416	6.301.315	20.342.374	-47,31	-12,82	-16,96
Birgðir í lok	29.186.306	29.186.306	29.186.306	2,09	2,09	2,09
Mismunur	-142.411	529.608	1.811.686	-332,76	-2.349,91	-7.774,12
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	28.280.728	26.146.336	25.785.859	0,81	-4,35	4,99
Innvegin mjólk	12.609.749	39.516.862	149.546.035	1,38	0,52	-3,50
Seldar afurðir	12.830.286	37.443.186	145.262.139	-7,12	-1,04	0,09
Útflutningur	26.824	97.603	2.738.346	-97,60	-96,35	-62,86
Birgðir í lok	28.207.484	28.207.484	28.207.484	9,39	9,39	9,39
Mismunur	-174.117	-85.075	-876.076	-23,41	-123,82	-170,65

Mynd 3. Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. ágúst 2019.

Birgðir mjólkurvara

Myndir 4 – 7 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2017 - 2019.

Í yfirlitum birgða kemur fram að smjörbirgðir eru um 650 tn, eða um 150 tn meiri í lok ágúst en á sama tíma 2018. Það sem af er ári 2019 hafa um 112 tn af smjöri verið flutt úr landi og í undirbúningi er útflutningur á 100 – 200 tn til viðbótar. Ostabirgðir eru í góðu jafnvægi m.t.t. heildar magns og aldurs-samsetningar þeirra. Birgðir af Mozzarellaosti eru lægri en á sama tíma síðasta árs, enda hefur markvisst verið unnið að lækku þeirra. Lækkun ostabirgða á Mozzarellaosti og 26% osti hefur haft þann tilgang að flytja með óbeinum hætti mjólkurfitu frá ostabirgðum yfir í smjörbirgðir. Þetta hefur gengið vel á undanförunum mánuðum og verið í samræmi við þær fyrirætlanir sem að var stefnt.


Birgðir af undanrennuþufti eru ívið meiri en á sama tíma síðasta árs, en eru í góðri stöðu. Framleiðslu- sölu- og birgðaáætlun sem gerð hefur verið fram til áramóta sýnir að Mjólkur-samsalan mun geta staðið við allar skyldur sínar í afsetningu og stöðu birgða.

Útflutningur á próteini að undanförunu hefur að mestu verið í formi Undanrennuosts og undanrennuþufts. Birgðastaða mjólkurvara er í góðu jafnvægi hvort sem litið er til birgða einstakra vöruflokka eða samanlagðra birgða, og horfur góðar sem snúa að birgðastöðu m.t.t. komandi verkefna í afsetningu mjólkurvara innanlands sem og á erlendum mörkuðum.


Pálmi Vilhjálmsson
aðstoðarforstjóri MS




Þessar skemmtilegu myndir eru frá Degi Torfasyni frá Reykjum, Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði af íslensku kúnni og næringu+




Mynd 4 Þróun smjörbirgða 2017 – 2019.



Mynd 5 Þróun ostabirgða 2017 - 2019 (26% og 17%).



Mynd 6 Þróun birgða á Mozzarella osti 2017 - 2019.



Mynd 7 Þróun birgða á Undanrennuþufti 2017 – 2019.

Heimsókn frá Indlandi

Forsetafrú Indlands, frú Savita Kovind kom í heimsókn til Mjólkursamsölnnar ásamt frú Elizu Reid, forsetafrú Íslands meðan á heimsókn Indversku forsetahjónanna stóð yfir. Fengu þær ásamt fylgdarliði kynningu á Mjólkursamsölnni, umhverfisverkefnum okkar auk framleiðslu svo sem skyr og osta. Boðið var uppá smakk af skyri beint frá MS Selfoss með rjóma og bláberjasultu auk þess sem ostabakki var kynntur fyrir þeim með ostum af starfsstöðvum MS. Eliza forsetafrú vakti sérstaka lukku þegar hún sagði Frú Kovind frá því hversu spennitir krakkarnir eru á hverju ári fyrir jól að sjá jólasveinana sem þrýða mjólkurfernurnar okkar. Jón Kristinn Haraldsson, starfsmaður MS tók meðfylgjandi myndir en hægt er að sjá fleiri myndir frá heimsókninni á fésbókarsíðu forsetafrúar Íslands <https://www.facebook.com/elizajeaneid/>

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
samskiptastjóri



Góðar viðtökur á nýjum tegundum í KEA skyri

Í jún síðastliðnum komu á markað fimm nýjar tegundir af KEA skyri, þrjár kolvetnaskertar bragðtegundir og tvær með ávöxtum í botninum. Samhliða þessum breytingum var útliti umbúða breytt og gert nútímalegra með skýrari skilaboðum um hátt próteinmagn. Síðustu ár hefur verið töluverður samdráttur í sölu á KEA skyri og hefur salan dregist saman um tæp 40% frá árinu 2015. Fyrir breytingu var salan á KEA skyri með þeim hætti að þrjár tegundir, hreint, vanilla og bláber/jarðarber báru uppi 80% af sölnni meðan aðrar fjórar tegundir aðeins 20%. Tekin var ákvörðun um þær yrðu teknar út og fimm nýjar tegundir settar inn.

Það er óhætt að segja að viðtökurnar hafa verið frábærar fyrstu mánuðina. Ef við berum saman sölu á KEA skyri í júlí, ágúst og fram í miðjan september saman við sama tímabil í fyrra þá er aukning í magni rúmlega 45% eða sem nemur 79 tonnum. Ljóst er að í einhverjum tilfellum var vöruvöntun í verslunum þar sem eftirspurnin var vanmetin þannig að líklega hefði salan getað verið enn meiri.


Fyrstu tölur gefa okkur ástæðu til bjartsýni en mikilvægt er að fylgja þeim eftir. Nú í haust munu tvær vinsælustu bragðtegundirnar koma á markað í 500 g umbúðum, þ.e. kaffi/vanilla og jarðarber/banana. Á næsta ári má svo búast við fleiri nýjungum í flokkinn.

Einar Einarsson
framkvæmdastjóri tekjusiðis

Óvænt listasýning hjá MS Selfoss

Katrín Vigfúsdóttir starfaði hjá MS á Selfossi í afleysingum í skyr- og jógúrt deildinni í sumar. Hún er mikil listakona og notaði hverja lausa stund til að skapa frábæra list sem má sjá á meðfylgjandi myndum. Myndirnar gerir hún á pappa og pappír sem fellur til í framleiðslunni. Um 40 myndir voru hengdar upp í matsalnum hjá MS á Selfossi í lok sumarsins svo vinnufélagar hennar fengu að njóta afrakstursins.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
samskiptastjóri



Sýklalyfjagjöf og júgurbólga

Ísland og önnur Norðurlönd koma mjög vel út hvað varðar sýklalyfjanotkun í dýrum. Stefnan hérlendis hefur ávallt verið sú að nota sýklalyf þegar sjúkdómar kalla á meðhöndlun en ekki sem fyrirbyggjandi aðgerð til að halda sjúkdómum í skefjum. Rauntölur á notkun sýklalyfja eftir dýrategundum liggja ekki fyrir hérlendis. Hins vegar má gera ráð fyrir því að kýr séu meðhöndlaðar með drjúgum hluta af heildarmagni sýklalyfja sem notuð eru í dýrum. Dýralæknar þekkja vel til júgurbólgu í kúm en hún er líklega sá sjúkdómur sem kallar á mesta magn sýklalyfja í okkar matvælaframleiðslu.

Stóra spurningin er: Getum við breytt lyfjagjöf og e.t.v. minnkað lyfjamagnið í meðhöndlun júgurbólgu?

- Í fyrsta lagi er ljóst að sumir bændur/dýralæknar meðhöndla kýr með langvarandi/endurtekna júgurbólgu sem skilar litlum sem engum árangri. Það er oft betra að fella slíka gripi þar sem þeir eru með ólæknandi sýkingu.
- Í öðru lagi má skoða val sýklalyfja þegar ákveðið er að meðhöndla kýr með júgurbólgu. Vitað er að í mesta lagi 1,0 - 1,5% af lyfjaskammti sem sprautað er í vöðva eða æð fer yfir í júgrið, jafnvel minna ef sýkingin veldur mikilli bólgu eða samgróningum í vef. Hlutfallið sem fer úr blóði yfir í júgrið er háð sýklalyfjategund. Penicillin (t.d. Penovet) dreifist betur í júgrin en t.d. oxytetracyclin (t.d. Engemycin). Hvert dreifist restin af lyfjaskammtinum?
- Í þriðja lagi er vitað að sum sýklalyf valda frekar lyfjaóþoli en önnur. T.d. sýna rannsóknir að tetracyclin-flokkurinn (þ.m.t. oxytetracyclin) veldur frekar lyfjaóþoli en penicillin. Of lítil lyfjaskammtur stuðlar að aukningu á lyfjaóþoli. Eins skiptir máli í þróun lyfjaóþols hve oft sýklalyf eru notuð í hjörðinni – því oftast sem sýklalyf eru notuð, því oftast kemur sýklalyfjaóþol fram. Sem sagt, notkun sýklalyfja í tíma og ótíma veldur ákveðnum vanda.

Hvað er hægt að gera?

Fyrir bóndann er mikilvægt að vinna kerfisbundið til að forðast að júgurbólga komi upp. Reynslan sýnir okkur að sumum bændum tekst betur til en öðrum. T.d. hefur kerfisbundin vinna samkvæmt 5 punkta plani fyrir júgurbólgu skilað mjög góðum árangri í þeim hjörðum sem beitt eru þessari aðferð.

Erlendar rannsóknir sýna að það er óverulegur munur á lækningu júgurbólgu ef notuð eru stungulyf í vöðva/æð eða einungis spenalyf í júgur. Í mörgun löndum eru eingöngu spenalyf notuð við bráða júgurbólgu og við langvinna júgurbólgu. Klárt er að magn virkra lyfja í

sýktum spena verður ekki minna ef notuð eru spenalyf en við stungulyf í vöðva/æð. Dæmi: Penovet inniheldur 300.000 einingar penicillin í hverjum ml. Ef gefnir eru 35 ml í vöðva, koma 300.000 einingar/ml x 35 ml x 1,5% = 157.500 einingar í spena. Spenalyf með penicillini innihalda gjarnan 300.000 til 500.000 einingar í hverri túpu.

Geldstöðumeðhöndlun sýnir mjög góða virkni ef frumutalan er of há. Rannsóknir sýna að bestur árangur næst í kúm sem eru með frumutölu upp að 1 mill frumur í ml. Kýr með hærri frumutölu eru með lakari lækningu. Í dag er ráðlagt að meðhöndla ekki allar kýr í hjörðinni við geldstöðu (blind treatment). Skoðun fræðimanna er að lítið sé hægt að gera fyrir kýr sem eru í lagi. Geldstöðumeðhöndlun á heilbrigðar kýr telst nú til ofnotkunar á sýklalyfjum.

Framtíðarsýn mætti gjarnan vera:

1. Bændur í samstarfi við dýralækna/tæknimenn vinna að fyrirbyggjandi starfi til að koma í veg fyrir júgurbólgu.
2. Breyta lyfjagjöf – t.d.:
 - a. Nota frekar spenalyf í stað stungulyfja.
 - b. Nota geldstöðulyf rétt: Velja þær kýr sem þurfa meðhöndlun og setja geldstöðulyfin í spena tímanlega fyrir næsta burð.
 - c. Hætta að nota lyf sem valda lyfjaóþoli frekar en önnur.

Þessi framtíðarsýn kallar á mjög breitt samstarf milli aðila sem koma að mjólkurframleiðslu. Þessi leið ætti að minnka notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu hérlendis og einnig minnka líkur á að sýklalyfjaóþol myndist.

Jarle Reiersen
dýralæknir

Ráðgjöf

Besta leiðin til að kanna hvort mjaltabúnaður sé að virka rétt er að skoða spenaopin á kúnum í hjörðinni:

Ef meiripartur kúnna er kominn með hvíta hringi eða sár á spenaspíssa þá er eitthvað í búnaðinum ekki að virka rétt og þarfnast lagfæringar eða stillingar.

Samstarf í 60 ár – MS og Tetra Pak

Í ár eru 60 ár frá því að samstarf Mjólkursamsölnnar og Tetra Pak hófst. Af því tilefni komu fulltrúar Tetra Pak til landsins og afhentu fyrirtækinu fallett skjal og gjöf. Mjólkursamsalan var einungis annar aðilinn utan Svíþjóðar sem keypti pökkunarvélur og umbúðir af fyrirtækinu en fyrstu pökkunarvélarnar bárust til landsins árið 1959. Í kjölfarið hætti smá saman notkun á gleri utan um mjólk enda reyndist oft erfitt að fá gler og lok af fullnægjandi gerðum. Hyrnan, fyrstu umbúðir sem MS fékk frá Tetra Pak voru notaðar til ársins 1974 þegar Múrsteina eða "brikk"kerfið var tekið upp og hægt að bjóða neytendum uppá lægra verð en ella. Nýjustu fernur MS frá Tetra Pak komu á markað árið 2017 eru þær umhverfisvænustu sem völ er á eða 68% minna kolefnisspor heldur en áður og með tappa úr sykurreyri.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
samskiptastjóri



Fossvogshlaup Hleðslu

Í markaðssetningu á Hleðslu er mikið lagt upp úr samstarfi við íþróttafólk og frá upphafi hefur markmiðið verið að tengja Hleðslu við ólíkar íþróttagreinar. Ein þessara íþróttagreina eru hlaup en Hleðsla er í samstarfi við Íslandsmeistarann Arnar Pétursson og fleiri afrekshlaupara á samfélagsmiðlum.

Fossvogshlaup Hleðslu er einn af hápunktum hlaupasumarsins. Hlaupið hefur verið haldið árlega síðustu 9 ár og er orðið eitt vinsælasta sumarhlaupið.

Metþátttaka var í hlaupinu í ár en 707 voru skráðir til leiks og luku 687 keppni. Hlauparar gátu valið um að hlaupa 5 eða 10 km og að hlaupi loknu var öllum boðið upp á ískalda og svalandi Hleðslu. Elín Edda Sigurðardóttir gerði sér lítið fyrir og setti brautarmet í 5 km hlaupi kvenna á tímanum 17:49 og í karlaflokki var það Vilhjálmur Þór Svansson sem var fyrstur í mark á tímanum 16:38. Í 10 km hlaupinu var það Sigurður Örn Ragnarsson sem var fyrstur karla í mark á tímanum 33:25 og Arndís Ýr Hafþórsdóttir fyrst kvenna á tímanum 38:01. Flottir tímar hjá þessum görpum.



Sjálfboðaliðar frá Víkingi sjá um alla skipulagningu og utanumhald við hlaupið en í kringum 80 manns komu að hlaupinu í þeim fjölmörgu verkefnum sem sinna þarf við stórmót sem þetta.

Nokkrir starfsmenn MS hlupu og skemmtu sér vel. Kókómjólkurkötturinn Klói mætti á svæðið og skemmti bæði keppendum og áhorfendum en Klói vekur alltaf mikla athygli hvar sem hann kemur.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri

Íslenskt – gjörðið svo vel

Íslenskt – gjörðið svo vel er kynningarátak sem hófst árið 2018. Tilgangur átaksins er að efla vitund Íslendinga á íslenskum vörum. Íslenskt - gjörðið svo vel er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka atvinnulífsins og Bændasamtaka Íslands. Mjólkur-samsalan tekur þátt í átakinu en sjá má vörur fyrirtækisins í auglýsingum átaksins þar á meðal Ísey skyr, mjólk og smjör en merki átaksins hefur einnig verið sett hjá vörum fyrirtækisins í verslunum.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
samskiptastjóri



Mjólkurbikarinn

Mjólkurbikarinn var mjög áberandi í sumar og er óhætt að segja að samstarf MS við KSÍ og þátttökulið hafi gengið vonum fram. Áhersla var lögð á að nýta tækifærið og gefa mjólk á leikjunum og vakti það mikla ánægju hjá áhorfendum. Skilaboðin sem við sendum eru þau að mjólk gefi styrk og er þá bæði átt við styrk til knattspyrnuhreyfingarinnar og að mjólk styrki líkama og bein.

Selfoss fór með sigur af hólmi í úrslitaleik Mjólkurbikar kvenna og var það í fyrsta skipti sem Selfoss vann stóran titil í knattspyrnu. Úrslit



í Mjólkurbikar karla lauk með sigri Víkinga á FH en Víkingur vann þar með bikarkeppni KSÍ í fyrsta sinn í 48 ár. Mikið var unnið með mjólk og Mjólkurbikarinn á samfélagsmiðlum í aðdraganda leikjanna og stúkan á Laugardalsvelli var þétt setin og nokkur þúsund manns mættu á báða úrslitaleikina þrátt fyrir kulda og frekar óspennandi veður. Meðfylgjandi eru myndir af sigurvegurinum.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri

